

Sprotasjóður

Skýrsla verkefnisins: Þjálfun til framtíðar

Styrkþegi: Fjölbautaskólinn í Garðabæ

Verkefnisstjóri: Irena Ásdís Óskarsdóttir

# Þjálfun til framtíðar

Verkefnið stóð yfir skólaárið 2019-2020

Verkefnisstjóri: Irena Ásdís Óskarsdóttir

# Efnisyfirlit

Markmið verkefnisins .....	3
Leiðin að markmiðinu – uppsetning áfangans.....	4
Hlutverk og markmið vinnuhópanna:.....	4
Vinnuhópur 1 – Almenn íþróttakennsla í Mýrinni .....	4
Vinnuhópur 2 – Aðstoðarmenn í íþróttakennslunni í Mýrinni .....	5
Vinnuhópur 3 – Útikennsla/-þjálfun í Hæðarbóli .....	5
Vinnuhópur4 – Starfsbraut/sérnámsbraut .....	5
Matsfundir .....	5
Námsmat.....	5
Samskipta/siðareglur (5%):.....	6
Leikskólaverkefni/greining/skýrsla (5%):.....	6
Starfsbrautarverkefni (5%): .....	6
Leikskólaþjálfun (10%): .....	6
Stykveitingin teygði út anga sína .....	6
Samstarf með starfsbraut skólans .....	6
Samstarf með Höfstaðaskóla .....	6
Mat á verkefninu .....	7
Umsagnir um verkefnin frá kennurum og nemendum.....	7
Frávik miðað við áætlun og helstu hindranir.....	7
Framtíð verkefnisins .....	9

Í Fjölbautaskólanum í Garðabæ eru nokkrar fjölbreyttar námsbrautir í boði, íþróttabraut er ein þeirra námsbrauta sem skólinn býður upp á. Þar öðlast nemendur góða þekkingu í íþrótttafræðum.

Veigamikill þáttur námsbrautarinnar er að fara í kennslufræðilega þætti sem lúta að þjálfun og kennslu barna og unglings. Námið byggist upp á hvort tveggja fræðilegum grunni sem við renum að nýta í verklega þjálfun, eins fá nemendur kynningu á hinum ýmsu starfsmöguleikum að námi loknu. Þessi nálgun, er meðal annars ástæðan fyrir því að við sóttum um þennan styrk. Við vildum búa til samstarf á milli skólastiga sem gæti nýst nemendum og kennurum. Eitt af því sem okkur hefur vantað er að gefa nemendum okkur tækifæri til að takast á við raunhæf verkefni. Við höfðum hafið samstarf við leikskólann Hæðaból. Sú vinna gekk frábærlega en sáum fram á að þurfa að móta starfið enn frekar og búa til þægilegt ferli til að geta byggt enn frekar upp þetta góða samstarf. Því var ákveðið að sækja um styrk hjá Sprotasjóði til að tryggja áframhaldandi samstarf skólanna, setja upp skipulag og umgjörð sem hentaði, stækka verkefnið og gera samstarfið að föstum lið í skólastarfinu til næstu ára.

## Markmið verkefnisins

Með samstarfi á milli skólastiganna sáum við tækifæri til að ná að samþætta veigamikla þætti í námi nemenda á öllum skólastigum, enn fremur sáum við fram á að ná eftirfarandi þáttum:

- Nemendur á íþróttabraut fengu tækifæri til að takast á við raunhæf verkefni undir leiðsögn kennara.
- Nemendur á íþróttabraut fengu tækifæri til að vinna eftir ákveðnum vinnubrögðum sem þeir gætu nýtt frekar að námi loknu.
- Nemendur á íþróttabraut fengu tækifæri til að kynnast starfstengdum verkefnum að námi loknu.
- Leikskólabörn fengu tækifæri til að efla félags-, tilfinninga- og hreyfijbroska sinn í gegnum leik.
- Leikskólabörn fengu tækifæri til að aðlagast flutningi á milli skólastiga, þar sem þau voru á síðasta árinu sínu í leikskólanum og fara síðan í Höfsstaðaskóla í haust.

Eftir að styrkurinn barst sáum við möguleika á að samnýta styrkinn og bæta sérnámsbraut skólans inn í verkefni.

- Nemendur á sérnámsbraut fengu sérhæfða þjálfun, því almennt er einn kennari með þeim í tíma. Með því að hafa nemendur af íþróttabraut var hægt að skipta þeim í fleiri hópa og gefa þeim verkefni við hæfi.
- Gefa nemendum á íþróttabraut- og sérnámsbraut tækifæri til að kynnast.

## Leiðin að markmiðinu – uppsetning áfangans

Í upphafi verkefnisins fór ég með nemendahópinn minn í heimsókn í Hæðarból. Leikskólakennararnir voru búnir að setja leikskólabörnin í nokkra hópa sem voru á hinum ýmsu stöðum í leikskólanum.

Íþróttatímumarnir skiptu sér niður í sína vinnuhópa. Síðan föruðum við hópana saman og hrókeruðum síðan svo flestir hópar gætu hist og spjallað. Markmiðið með heimsókninni var að:

- Gefa íþróttatímum nemendum tækifæri til að hitta og kynnast nemendahópnum.  
Gera sér betur grein fyrir andlegum-, félagslegum- og hreyfijöfroska barnanna.
- Gefa leikskólabörnunum tækifæri til að hitta unglingana sem kæmu til með að kenna þeim íþróttir.
- Gefa leikskólabörnunum tækifæri til að bera fram óskir um það sem þau vildu gera í íþróttatímunum. Leikskólinn er með ákveðna stefnu þar sem lögð er áhersla á að leyfa krökkunum að taka þátt í starfinu með lýðræðislegum hætti.
- Einnig til þess að gefa íþróttatímum nemendum tækifæri til að skoða útiaðstöðuna þar sem þeir áttu eftir að koma til að vera með verklega útitíma.
- Gefa íþróttatímum nemendum tækifæri til að hitta leikskólakennarana og spyrja þau ýmissa spurninga og fá ráðleggingar.

Í byrjun skiptu nemendur í íþróttatímuminni sér niður í 4-5 manna vinnuhópa. Þau unnu saman út önnina í öllum verkefnum annarinnar. Ég sá ekki möguleika á öðru fyrirkomulagi þar sem vinnuhóparnir voru margir og hætt við árekstrum eða ruglingi hefðu hóparnir verið mismunandi. Samhliða þessu fengu nemendur af íþróttabraut bóklega kennslu þar sem farið var í kennsluefnini íSÍ. Að loknum áfanga fá nemendur íþróttabrautar metinn almennan hluta þjálfaramenntunar íSÍ 1a, 1b og 1c.

Hlutverk og markmið vinnuhópanna:

Vinnuhópur 1 – Almenn íþróttakennsla í Mýrinni

Í hverri viku hitti nemendahópurinn okkar (4-5 í hóp) sem voru í íþróttatímum nemendur úr Hæðarbóli, um 30 nemendur. Þau voru búin að útbúa tímaseðil þar sem þau höfðu sett fram ákveðið markmið og kennsluþætti sem átti að vinna að í tímanum. Tímaseðillinn þurfti að vera settur fram með mjög ítarlegum hætti þar sem farið var í allar æfingarnar, markmið og fylgdu með teikningar til nánari útskýringa.

Við vorum með ákveðinn ramma, upphaf og endi, sem allir nemendahóparnir fylgdu til að auðvelda leikskólabörnunum þátttöku. Börnin voru alltaf sótt fram, upphitunin fór alltaf fram á sama svæðinu sem og niðurlagið. Börnunum var alltaf fylgt út úr tímanum.

## Vinnuhópur 2 – Aðstoðarmenn í íþróttakennslunni í Mýrinni

Í hverjum leikskólatíma í Mýrinni mætti nemendahópur (4-5 í hóp) sem aðstoðarmenn. Við töldum það vera nauðsynlegt með þennan aldurshóp. Þetta eru ungar krakkar sem eru að feta sín fyrstu skref í íþróttatíma. Við teljum mikilvægt að leikskólabörnin fái góða þjónustu. Þau þurfa oft lengri og ítarlegri útskýringar og aðstoð í tímanum. Aðstoðarmenn mættu fyrir tímann til að setja upp áhöld en það er mjög algengt að setja upp þrautabraud fyrir þennan aldurshóp í kennslu, þar sem lögð er mikil áhersla á almennan hreyfijbroska. Eins getur verið erfitt að fara í of marga og flókna leiki með þessum aldurshópi vegna félags- og tilfinningabroska á þessu aldursbili. Þrátt fyrir það voru leikir við hæfi barnanna ekki undanskildir, leikurinn miðast við að reynt er að hafa eins einfaldar og skýrar reglur og kostur er. Aðstoðarmennirnir sáu sömuleiðis um allan frágang eftir íþróttatímama.

## Vinnuhópur 3 – Útikennsla/- þjálfun í Hæðarbóli

Á sama tíma og vinnuhópur 1 og 2 voru að vinna í Mýrinni fór einn hópur upp í leikskóla til þess að aðstoða leikskólastarfsmenn við útikennslu. Í þessum hluta höfðu nemendur mjög frjálsar hendur og gátu valið hvernig þeir nýttu tímann. Lang flestir hóparnir skiptu leikskólasvæðinu niður og voru þau með leiki á einu svæði, bjuggu til þrautabraud eða voru til staðar til að aðstoða.

## Vinnuhópur 4 – Starfsbraut/sérnámsbraut

Í upphafi var ekki ætlunin að fara á fullt í þetta samstarf. Tækifærið sem fékkst með styrknum gaf okkur tækifæri til að samnýta vinnuna og bæta við þessu samstarfi. Við ákváðum að gefa nemedum tækifæri til að skipuleggja tíma fyrir nemendur á sérnámsbraut FG og framkvæma tímann. Hver hópur undirbjó og kenndi nemendum einn tíma á sérnámsbraut.

## Matsfundir

Eftir hverja kennslustund héldu kennarar og nemendur matsfundi þar sem við ræddum um skipulag tímans, hvað gekk vel og eins hvaða atriði mætti bæta. Parna fengu nemendur tækifæri til að útskýra markmið tímans og þá kennslubætti sem þau tóku fyrir í hverju sinni ásamt því að gefa kennslufræðilegan rökstuðning. Eins drógum við saman ákveðin atriði með öllum hópnum í bóklegri kennslu.

## Námsmat

Fyrir utan hefðbundið námsmat þ.e. lokapróf (30%), kannanir (21%) og verkefni (20%) snéri námsmatið að þessu samstarfi eins og hér segir:

Samskipta/siðareglur (5%): Þar sem nemendur unnu við almenna þjálfun/kennslu þurfti að fara vel í almennar samskipta- og siðareglur. Nemendur áttu að skoða siðareglur kennara og ákveða út frá þeim 10 reglur sem þau þyrftu að setja sér og hópnum og væru algjörlega ófrávíkjanlegar til að þau væru hæf til að takast á við þetta verkefni.

Leikskólaverkefni/greining/skýrsla (5%): Svo nemendur gætu sett sig almennilega inn í þau markmið, gildi og viðmið sem leikskólar eru að fara eftir, þurftu þeir að kynna sér starfið frá grunni. Þau skoðuðu Aðalnámskrá leikskóla, tóku viðtal við leikskólastjóra úr völdum leikskólum, skoðuðu aðstæður, kynntu sér starfsemina og þá aðallega skipulagið sem snéri að skipulagðri hreyfingu innan leikskólanna. Nemendur áttu að greina gögnin og meta út frá viðmiðum frá Embætti landlæknis.

Starfsbrautarverkefni (5%): Nemendur voru metnir út frá tímaseðli og kennslu.

Leikskólapjálfun (10%): Nemendur voru metnir út frá tímaseðli og kennslu. Þarna var sömuleiðis metið hvernig þau stóðu sig sem aðstoðarmenn.

Stykveitingin teygði út anga sína

Strax í upphafi sá ég möguleika á að nýta þessa vinnu til þess að hefja samstarf með starfsbraut skólans og eins Hofsstaðaskóla á vorönninni. Tölувert mikla vinnu var hægt að samnýta sem gaf tækifæri til að hrinda af stað slíku samstarfi.

Samstarf með starfsbraut skólans

Með því samstarfi fengu nemendur íþróttabrautar tækifæri til að þjálfa nemendur á sérnámsbraut, einstaklinga með hreyfi- og þroskaskerðinu. Verkefnið var frábært tækifæri til að nemendur íþróttabrautar og starfsbrautar kynntust en það er almennt lítt samgangur á milli sérnámsbrautar og annarra námsbrauta innan skólans.

Samstarf við Hofsstaðaskóla

Á vorönn luku nemendur grunnáfanganum í íþróttarfæði og fór ég strax í þá vinnu að óska eftir samstarfi við Hofsstaðaskóla. Nemendur íþróttabrautar voru þá í badmintonáfanga og sá ég tækifæri til að bjóða nemendum Hofsstaðaskóla upp á sérhæfða þjálfun, badmintonþjálfun. Við gátum nýtt að stórum hluta það skipulag sem við höfðum notað í grunnáfanganum. Eins þekktu nemendur vel skipulagið frá fyrri áfanga sem auðveldaði okkur vinnuna. Sömuleiðis vegna fjölda nemenda í hópnum sá ég tækifæri til að vera með einstaklingsmiðaða þjálfun og uppsetning tímannar var með sama fyirkomulagi og íþróttaskólar eru með þar sem foreldrar aðstoða börnin, nema í þessu tilfelli voru nemendur íþróttabrautar „foreldrarnir“.

## Mat á verkefninu

Til þess að fá einhverja hugmynd um niðurstöðu verkefnisins leitaði ég til nokkurra aðila sem tengdust verkefninu og bað þá um að skrifa mér 4-5 um verkefnið og samstarfið.

Umsagnir um verkefnin frá kennurum og nemendum.

### **Hrafnhildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri sérnámsbrautar.**

*„Enginn vafi er á því að samstarfið hefur haft mjög góð áhrif á veru og líðan nemenda starfsbrautar/sérnámsbrautar í skólanum.*

*Í fyrsta lagi hlakka þeir til að fara í þessar kennslustundir sem segir auðvitað alla söguna.*

*Í öðru lagi kynnast þeir öðrum nemendum upp að vissu marki sem þeir hefðu líklega ekki annars kynnst. Þetta hefur leitt til þess að við sjáum t.d. samskipti í frímínútum sem ekki voru til staðar áður og um leið sjáum við starfsbrautarnemendur verða öruggari með sig í skólasamfélaginu.*

*Í þriðja lag er enginn vafi á því að nemendur íþróttabräutar eflast líka við þessi kynni. Þeir læra samlíðan og að setja sig í spor annarra og hugsanlega geta þessi kynni haft áhrif á náms- og starfsval til framtíðar.”*

### **Þóra Erlingsdóttir, nemandi.**

*„það er gaman að fá tækifæri til þess að kenna krökkunum, því maður öðlast ekki bara þekkingu á því hvernig er að búa til tímaseðil og hvernig það er að undirbúa tímann, heldur fær maður alvöru tækifæri til þess að þjálfa og að sjá hvernig tímaseðil sem maður býr til kemur út í raunveruleikanum”*

### **Valgerður Lilja Arnarsdóttir, nemandi.**

*„Mér fannst ég læra gríðarlega mikið á því að vinna með starfsbrautinni. Við fengum að kynnast krökkunum þar og starfinu sem því fylgir. Þetta var þó nokkuð krefjandi og það var erfitt að verða að óskum allra en á sama tíma var þetta mjög gefandi. Ég hugsa að það gæti nýst mér vel í framtíðinni að hafa unnið með starfsbrautinni og fengið innsýn inn í starfið sem þar er unnið og kynnst fólkinu þar”.*

Frávik miðað við áætlun og helstu hindranir

Því miður náði ég ekki að kynna verkefnið eins og gert var ráð fyrir í umsókninni sökum þeirra fordæmalausu tíma sem við gengum í gegnum vegna Covid-19. En verkefnið mun lifa áfram og það mun gefast tækifæri til að kynna það í haust.

Helstu hindranir í verkefninu eru tímaleysi. Matsfundirnir eru mjög krefjandi en á sama tíma gríðarlega mikilvægir. Eins gátu nemendur lent í því að vera veikir eða fjarverandi af öðrum ástæðum þegar þeir áttu að vera með tíma og erfitt að bæta þeim fjarveruna upp og meta til einkunnar. Það krafðist mikils utanumhalds og vinnu að færa nemendur á milli hópa. Hins vegar finnst mér þetta verkefni vera orðið órjúfanlegur hlutur af kennslunni. Ég sé nemendur vaxa gíðarlega mikið á þessum stutta tíma. Ég sá mikinn mun á faglegri nálgun og vinnubrögðum nemenda á vorönninni þegar við fórum að vinna með Hofsstaðaskóla. Þá var skipulagsvinnan hjá mér töluvert auðveldari þar sem nemendur voru búnir að venjast þessu fyrirkomulagi og gengu beint til verka.

Í upphafi var ætlunin að vera með meira samstarf á milli skólastiga. Við hefðum þurft að byrja mun fyrr, í lok vorannar 2019. Það kom fljótlega í ljós að mjög erfitt væri að finna sameiginlegan tíma fyrir vinnufundi. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við störfum á sitthvorum vinnustaðnum, ég er mjög háð stundaskrá og starfsmenn leikskólans þeirra dagskrá og var erfitt að finna sameiginlegan tíma til að vinna verkefnið. Eftir nokkrar tilraunir að vinnufundum tók ég þá ákvöðrun að taka að mér alla verkefnastjórnun og sendi þeim skipulagið og allar nauðsynlegar upplýsingar. Að loknu samkomubanni og í lok annar sé ég möguleika á að funda með samstarfsaðilum og þá getum við skipulagt betur framhaldið og komandi annir. Það er hins vegar ljóst að helsta vinnan mun liggja áfram mín megin en það er nauðsynlegt að ræða samstarfið, hvað megi betur fara og hvað sé vel unnið.

Hér er hægt að sjá hvernig tíma- og verkáætlunin skiptist. Tók ekki saman þá tíma sem fóru í viðbótarverkefnið með starfsbraut/sérnámsbraut og Hofsstaðaskóla þar sem sá hluti var ekki í upphaflegu verkáætluninni.

	Tímaáætlun	Verkáætlun
Umsóknarferli	3	Undirbúningur
Endurgerð tíma- og verkáætlun	1	Undirbúningur
Fundur	1	Undirbúningur
Námsáætlun	3	Undirbúningur
Fundur með leikskólanum	1	Undirbúningur
Kynning með hópnum og leikskóla	1	kynning
Hópaskiptingar	2	Undirbúningur
Vinnufundur/kennsla 22. nóvember	1	vinnufundur
Matsfundur 25. nóvember	1	samráðsfundur
Vinnufundur/kennsla 29. nóvember	1	vinnufundur
Matsfundur 2. desember	1	samráðsfundur
Fyrirlestur HR Framtíð hóppjáfunar	2	vinnufundur
Vinnufundur/kennsla 6. desember	1	vinnufundur
Matsfundur 9. desember	1	samráðsfundur
Vinnufundur/kennsla 12. desember	1	vinnufundur

Matsfundur 12. desember	1	samráðsfundur
Vinnufundur/kennsla 10. janúar	1	vinnufundur
Matsfundur 13. janúar	1	samráðsfundur
Vinnufundur/kennsla 17. janúar	1	vinnufundur
Matsfundur 20. janúar	1,5	samráðsfundur
Vinnufundur/kennsla 24. janúar	1	vinnufundur
Matsfundur 27. janúar	1,5	samráðsfundur
Vinnufundur/kennsla 7. febrúar	1	vinnufundur
Matsfundur 10. febrúar	1	samráðsfundur
Fundur með Hofsstaðaskóla	1	Undirbúningur
Lokahóf með nemendum FG	1	vinnufundur
Kynning með foreldrum	0	kynning
Utanumhald	3	vinnufundur
Skýrslugerð	2	vinnufundur

## Niðurstöður og framtíð verkefnisins

Þetta verkefni hefur lengi verið mitt hugarfostur og ég hef oft hugsað hvaða leiðir séu mögulegar svo hægt sé að gefa nemendum FG tækifæri til að takast á við raunveruleg verkefni og öðlast í leiðinni sjálfstraust til þess að stýra tíma. Það er svo mikilvægt að gefa nemendum tækifæri til að æfa sig undir leiðsögn og ræða mismunandi útfærslur og nálganir.


Þar sem við náðum að samnýta styrkinn í fleiri verkefni náðum við að gefa nemendum okkar gríðarlega mikla reynslu í hinum fjölbreyttu verkefnum sem bíða þeirra í framtíðinni. Eins hjálpar þetta mér sem fagmanni að huga betur að öllum þáttum sem skipta máli þegar kemur að þjálfun sbr. síða- og samskiptareglur og gefa þeim tækifæri til að kynna sér betur það starf sem er verið að vinna úti á vinnumarkaðinum.

Ég á þessu í verkefni samstarfskonu minni mikið að þakka. Hún hafði fylgst vel með upphafi þessarar vinnu. Ég hafði rætt við hana um mína sýn en það sem hamlaði því var mikið vinnuframlag til að koma því af stað með þeirri áhættu að yrði ekki hægt að vinna áfram. Við höfðum rætt það í sameiningu hversu gaman það væri að fara alla leið með verkefnið og vinna það ennþá lengra. Það var síðan hún sem hvatti mig til að sækja um þennan styrk til þess að gefa öllum þessum hugmyndum tækifæri. Það varð úr og er ég sannfærð um að þetta verkefni hafi gagnast öllum þeim sem að því komu þ.e. nemendum af íþróttabraut, leikskólabörnum Hæðarbóls, starfsfólki Hæðarbóls, íþróttakennurum Hofsstaðaskóla, nemendum Hofsstaðaskóla, starfsfólki sérnámsbrautar FG, nemendum sérnámsbrautar og ekki síður mér sjálfri. Algjörlega frábært að fá tækifæri til að vinna að þessu verkefni og útvíkka það með þessum hætti og sjá það teygja út anga sína. Ég vona að það hafi skapast hefð fyrir þessu samstarfi sem auðveldar framhaldið. Undirbúningsvinnan er tilbúin, sem ætti

að auðvelda alla framkvæmd. Það er vissulega mikið vinnuframlag sem þarf til þess að láta þetta allt ganga upp, þar sem nemendur eru að vinna í mörgum litlum hópum en ávinningurinn er mikill og þess virði!

Myndir frá samstarfinu – Teknar með samþykki nemenda og grunn- og leikskóla.









Garðabær, 3. júní 2020

Irena Ásdís Óskarsd.

Irena Ásdís Óskarsdóttir, verkefnisstjóri.

Kristinn Þorsteinsson

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG.